

**Ed.**

**781. Frumvarp til laga**

[193. mál]

um breyting á lögum nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, og lögum nr. 112 1950, um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. málsgrein 4. gr. laga nr. 35/1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, orðist svo:

Fjárhagsráð getur ákveðið hámarksverð á vörur og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu. Verðlagsákvæðanir sínar getur fjárhagsráð numið úr gildi með auglýsingu.

2. gr.

Aftan við 20. gr. sömu laga bætist svo hljóðandi

**Bráðabirgðaákvæði.**

Af yfirdráttarheimild þeirri, er Ísland hefur sem þátttakandi í Greiðslubandalagi Evrópu, að fjárhæð fimmtán milljónir dollara, heimilast ríkisstjórninni, ef hún telur nauðsynlegt, að nota allt að fjórum milljónum dollara á fjárhagsárum greiðslubandalagsins 1950/51 og 1951/52.

Jafnóðum og heimildin er notuð, skal andvirðið í krónum greitt inn í sérstakan reikning í Landsbanka Íslands og því varið, þegar er gjaldeyrisástæður leyfa, til endurgreiðslu á yfirdráttarláninu, enda má ekki nota féð til annars.

3. gr.

Fyrir orðin „skulu gilda“ í 1. gr. l. nr. 112 1950 kemur: skulu, önnur en 31. gr., gilda.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.